

Reglur leikskóla í Vesturbyggð

1. kafli: Innritun í leikskóla

1.1. Að sækja um leikskóladvöl

Sótt er um leikskóladvöl á íbúargátt Vesturbyggðar á heimasíðu sveitarfélagsins www.vesturbyggd.is.

Sækja má um leikskóla frá fæðingardegi barns eða strax og kennitala þess hefur verið skráð.

Aðalinnritun fyrir næsta skólaár hefst að vori og er auglýst á heimasíðu Vesturbyggðar. Sjá kafla 1.2.

1.2. Innritun

Innritun fer fram í tveimur þrepum. Í fyrsta þrepi er unnið úr þeim umsóknum sem berast í aðalinnritun ár hvert og er þeim börnum úthlutað plássi eftir aldri. Í öðru þrepi er unnið úr umsóknum sem berast eftir að aðalinnritun líkur og er þeim börnum úthlutað plássi eftir því sem mögulegt er hverju sinni.

1.3. Skilyrði fyrir leikskólaplássi

Skilyrði fyrir leikskólaplássi er að foreldri og barn eigi lögheimili í Vesturbyggð en hægt er að sækja um leikskólapláss ef lögheimili er væntanlegt, þó úthlutun og upphaf leikskólavistar eigi sér ekki stað fyrir en lögheimili er komið.

1.4. Forgangur

Sækja má um forgang að leikskólum í Vesturbyggð vegna eftirfarandi:

- Vegna barna með fötlun. Vottorð frá viðurkenndum greiningaraðila skal fylgja umsókn.
- Vegna barna með þroskafrávik. Vottorð frá viðurkenndum greiningaraðila skal fylgja umsókn.
- Vegna barna sem búa við erfiðleika í félagsumhverfi – barnaverndarmál. Vottorð frá félagsmálayfirvöldum skal fylgja umsókn.
- Vegna alvarlegra veikinda eða fötlunar hjá foreldrum/forráðamönnum eða systkinum barnsins. Vottorð frá lækni eða öðrum opinberum aðilum skal fylgja umsókn.
- Börn foreldra/forráðamanna undir lögaldri (18 ára).
- Börn starfsmanna í leikskólum og grunnskólum sveitarfélagsins. Bréf frá skólastjóra skal fylgja umsókn.

2. kafli: Leikskólagjöld, opnunartími og uppsagnir

2.1. Um opnunartíma og leikskólagjöld

2.1.1. Grunn-leikskólagjald

Leikskólar Vesturbyggðar eru opnir frá kl. 7:45 til kl. 16:15 alla virka daga.

Grunn-leikskólagjald veitir aðgang að leikskólanum frá kl. 8:00-16:00 mánudaga - fimmtudaga og frá kl. 8:00-14:00 á föstudögum. Boðið er uppá leikskóladvöl á öðrum tímum gegn auknu gjaldi. Sjá kafla 2.1.3.

Leikskólar í Vesturbyggð eru lokaðir á aðfangadag og gamlársgang.

2.1.2 Fyrir börn yngri en tveggja ára

Fram að tveggja ára aldri barns er hægt að óska eftir hálfri leikskóladvöl, frá kl. 8:00-12:00. Greiðist þá einungis hálfgrunn-leikskólagjald fyrir. Þegar barn verður tveggja ára færast það sjálfkrafa upp í grunn-leikskóladvöl skv. 2.1.1.

2.1.3 Leikskóladvöl gegn auknu gjaldi

Boðið er uppá leikskóladvöl gegn auknu gjaldi á eftirfarandi tímum.

- Frá 7:45-8:00
- Frá kl. 16:00-16:15.
- Eftir kl. 14:00 á föstudögum.
- Á skráningardögum, sjá 3. kafla.

Gjald fyrir þessa tíma greiðist samkvæmt gjaldskrá hversu sinni.

2.3. Leikskólagjöld

2.3.1. Ákvörðun leikskólagjalda

Leikskólagjöld eru ákveðin af bæjarstjórn hverju sinni og geta breyst án fyrirvara.

2.3.2 Greiðsla

Leikskólagjöld greiðast frá þeim degi er barn hefst í aðlögun.

Leikskólagjöld eru greidd eftirá. Gjald dag er fyrsta hvers mánaðar. Eindagi er 15 dögum eftir gjalddaga, dráttarvextir reiknast frá eindaga.

2.3.3 Þegar leikskólagjald hefur ekki verið greitt í einn mánuð

Ef leikskólagjald hefur ekki verið greitt í 1 mánuð eða um undanþágu frá 2.3.1 hefur verið samið við leikskólastjóra eða bæjaryfirvöld er litið svo á, að viðkomandi hafi afsalað sér plássinu frá 1. næsta mánaðar og leikskólagjöld þá send lögfræðingi til innheimtu.

2.4. Uppsögn á leikskólaplássi

Hægt er að segja upp leikskólaplássi á þar til gerðu eyðublaði á íbúagátt Vesturbyggðar á heimasíðu sveitarfélagsins www.vesturbyggd.is. Gagnkvæmur uppsagnarfrestur leikskólanna og foreldra/forráðamanna er einn mánuður hið minnsta. Leikskólastjóra er heimilt að krefjast mánaðar greiðslu frá uppsagnardegi, hafi reglum um uppsagnarfrest ekki verið fylgt.

2.5. Fæðisgjald

2.5.1. Greitt er fyrir fæði

Fæðisgjald er ákveðið af bæjarstjórn hverju sinni og getur breyst án fyrirvara.

Greitt er fyrir morgunmat, hádegismat og síðdegishressingu. Fæðisgjald er greitt eins og leikskólagjöld skv. 2.3.2.

2.5.2 Niðurfelling fæðisgjalds

Foreldrar/forráðamenn geta sótt um niðurfellingu fæðisgjalds liggi fyrir að barn sé ekki í leikskólanum í 10 virka daga samfelld og þarf að sækja um það fyrirfram með því að hafa samband við leikskólastjóra.

3. Skráningadagar, starfsdagar og leyfi

3.1. Skráningardagar

Skráningardagar eru ekki innifaldir í grunn-leikskólagjaldi. Foreldrar/forráðamenn þurfa að skrá börnin þessa daga og greiða sérstaklega fyrir þá skv. gjaldskrá.

Fyrirkomulag skráningar á skráningardaga er auglýst í hverjum leikskóla fyrir sig.

Fjöldi og dagsetningar skráningadaga eru staðfestir með skóladagatali hvers árs.

3.2 Sumarleyfi

Leikskólar Vesturbyggðar eru lokaðir í 4 vikur að sumri. Þau ár sem enda á sléttri tölu er lokað í fjórar vikur í júlí. Ár sem enda á oddatölu er lokað í fjórar vikur frá miðjum júlí og fram í miðjan ágúst.

3.3. Starfsdagar

Starfsdagar eru 5-6 ár hvert. Reynt er eftir fremsta megni að hafa samræmi milli starfsdaga leik- og grunnskóla á svæðinu.

Ekki eru felld niður leikskólagjöld vegna starfsdaga.

3.4. Fjarvistir barna

Tilkynna þarf fjarvistir barna til leikskóla, hvort sem það er vegna veikinda eða annarra orsaka.

3.4.1 Veikindi

Veikt barn skal ekki koma í leikskólann. Barn telst veikt ef það getur ekki fylgt daglegu starfi leikskólans vegna vanheilsu. Ef veikt barn mætir í leikskólann er starfsfólki heimilt að óska eftir að það verði sótt hið fyrsta.

3.4.2 Mannekla

Ef grípa þarf til þess neyðarúrræðis að senda börn heim vegna manneklu er haft beint samband við foreldra. Ekki er veittur afsláttur af leikskólagjöldum vegna þessa.

4. Aðrar reglur

4.1. Dvalartími

Barni er aðeins heimilt að dvelja í leikskólanum þann tíma sem dvalarsamningur kveður á um.

Sé barn ítrekað sótt of seint eða mætt of snemma bætist við leikskólagjöldin álag vegna þess.

4.2. Koma og brottfarir

Þeim sem fylgja barni í leikskólann eða sækja, ber að láta viðkomandi starfsmann vita um komu sína og brottför.

Látið ávallt vita ef aðrir en foreldrar/forráðamenn sækja barnið.

4.3. Aðlögun

Barn sem byrjar í leikskólum Vesturbyggðar skal fá aðlögunartíma með foreldri eða forráðarmanni til að fyrirbyggja, svo sem unnt er, röskun á öryggiskennd barnsins.

Leikskólagjald og fæðisgjald greiðist frá þeim degi er barn hefur aðlögun á leikskóla.

Vesturbyggð, 3. febrúar 2025